

fimm hæða fjölbýlishúsum fyrir eldri borgara með samtals 30 íbúðum og bílageymslu í kjallara húsnæði.

Greinargerð og skipulagsupphráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 15. júní 1999.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðanna Suðurhraun 12 og Miðhraun 22 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag svæðisins felst í því að byggingarreitur hefur verið stækkaður á báðum lóðunum. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. júní 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 220/1995 um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sem sett var með reglugerð nr. 345/1998, fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 161/1994 um útflutning hrossa og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.